

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2010, mánudaginn 20. september var haldinn 307. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 09:00.  
Mættir: Diljá Ámundadóttir formaður, Egill T. Jóhannsson, Theódór Kristjánsson, Elías Jakob Bjarnason, Hjálmar Hjálmarsson, Hörður Þorsteinsson og Gunnar Einarsson.  
Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri SHB, Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofutjóra borgarstjórnar dags. 9. júlí sl. þar sem tilkynnt er að Diljá Ámundadóttir hafi verið skipaður fulltrúi í SHB og Eva Baldursdóttir til vara.
2. Lagt fram bréf bæjarritara Garðabæjar dags. 18. júní sl. þar sem tilkynnt er að Gunnar Einarsson hafi verið skipaður fulltrúi í SHB og Páll Grétarsson til vara.
3. Lagt fram bréf skrifstofutjóra stjórnarsýslu og fjármálalsviðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 15. júní sl. þar sem tilkynnt er að Hörður Þorsteinsson hafi verið skipaður fulltrúi í SHB.
4. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviðs Mosfellsbæjar dags. 27. ágúst sl. þar sem fram kemur að Theódór Kristjánsson hafi verið skipaður fulltrúi í SHB og Högni Snær Hauksson til vara.
5. Lagt fram bréf bæjarstjóra Álftaness dags. 26. ágúst sl. þar sem fram kemur að Elías Jakob Bjarnason hafi verið skipaður fulltrúi í SHB og Kjartan Örn Sigurðsson til vara.
6. Lagt fram bréf bæjarstjóra Seltjarnarness dags. 26. ágúst sl. þar sem fram kemur að Egill T. Jóhannsson hafi verið skipaður fulltrúi í SHB og Guðrún Edda Haraldsdóttir til vara.
7. Lagt fram bréf bæjarritara Kópavogs dags. 25. ágúst sl. þar sem fram kemur að Hjálmar Hjálmarsson hafi verið skipaður fulltrúi í SHB.
8. Lagður fram til kynningar þjónustusamningur milli sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæða.  
Jafnframt lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um snjóframleiðslu.  
Framkvæmdastjóra falið að vinna upp kostnaðar- og rekstraráætlun fyrir snjóframleiðsluna.

Formanni falið að boða til fundar með stjórn SSH og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

8. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 27. ágúst sl. varðandi frágang og slyshættu við hella í Bláfjöllum. Vísað til framkvæmdastjóra til skoðunar.
9. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ulls dags. 5. september sl. varðandi framkvæmdir í Bláfjöllum. Vísað til framkvæmdastjóra til afgreiðslu.
10. Skálafell – hjólreiðavangur  
Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra ÍTR dags. 7. september sl. varðandi hjólreiðavang í Skálafelli. Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
11. Samþykkt að halda fundi í stjórninni 1. mánudag í mánuði. Næsti fundur verður 4. október í Bláfjöllum.

**Fundi slitið kl. 11:00**

Diljá Ámundadóttir

Gunnar Einarsson  
Theódór Kristjánsson  
Egill T. Jóhannsson

Hörður Þorsteinsson  
Elías Jakob Bjarnason  
Hjálmar Hjálmarsson